

# Peningamál

28

[Hvað eru peningar?](#)

Peningar eru skilgreindir sem allt það sem notað er sem gjaldmiðill. Peningamagn í umferð er ýmist skilgreint þróngt eða vitt. Þrengsta skilgreiningin á peningamagninu eru seðlar og mynt. Aðeins viðari skilgreining eru seðlar og mynt að viðbættum innistæðum okkar á debetkortareikningum (tékkareikningum) og þar næsta skilgreining bætir svo við innistæðum á óbundnum sparijóðsbókum. Alls konar verðbref, sem fljótegg er að skipta yfir í peninga, bætast síðan við þetta í viðstu skilgreiningunni á peningamagninu.

Hvernig þarf hlutur að vera til þess að hægt sé að nota hann [Einkenni peninga](#) sem peninga?

- Það þarf að vera auðvelt að skipta honum í smáar einingar.
- Hann þarf að vera varanlegur.
- Hann verður að vera til í takmörkuðu upplagi.
- Hann þarf að vera viðurkenndur sem gjaldmiðill.
- Hann má ekki vera mjög þungur.

A miklum verðbólgtínum getur gjaldmiðillinn misst gildi sitt og menn fara þá að nota eitthvað annað í staðinn fyrir peninga í viðskiptum. Sigarettur voru t.d. notaðar í stað peninga eftir seinni heimsstyrjöldina. Þær uppfylltu öll ofantalin skilyrði.

Þær voru léttar, verðmætar og varanlegar. Það var lítið til af þeim, þeim var hægt að skipta í smáar einingar og það var mjög auðvelt að koma þeim í verð.

Áður en menn hófu að slá mynt og prenta peninga notuðu menn gull og aðra góðmálma í viðskiptum. Gullið var þá geymt hjá gullsmiðnum í þorpinu sem gaf út seðla sem voru kvitanir fyrir því gulli sem hann geymdi fyrir eiganda gullsins. Síðan fóru menn að nota þessa seðla, sem voru ávísanir á gull, sem gjald-

miðil í viðskiptum sín á milli. Upphaflegu seðlarnir höfðu því á bak við sig ákveðna þyngd í gulli eins og gjaldmiðlar heimsins höfðu í gullfóarkerfinu og eins og dollarinn hafði reyndar í fastgengiskerfinu alveg fram til 1971.

#### Hver eru helstu hlutverk peninga?

- Peningar eru notaðir í viðskiptum. Menn stunda viðskipti nánast á degi hverjum, til dæmis þegar þeir kaupa sér kaffibolla og vínarbraud. Laun eru greidd í peningum og þegar gamla tölvan er ónyt og ný tölva keypt eru peningar notaðir.
- Við notum peningum til að geyma í hluta af eignum okkar. Við eignum kannski íbúð og bíl, innanstokksmuni, bækur og geisladiska. En við viljum líka eiga peninga því að peningar eru ördrúvísí en aðrar eignir að því leyti að við erum fljótari að breyta peningum í mat eða strætókort en nokkrum örðrum eignum.
- Peningar eru notaðir sem mælieining. Verð á vörum og þjónustu er mælt í peningum.
- Peningar eru notaðir til að geta greitt með afborganir fyrir vörur, t.d. bíla eða fasteignir. Með peningum er þannig hægt að skjóta greiðslum fyrir vörur og þjónustu á frest.

Það hversu mikil af peningum við viljum hafa handbæra hverju sinni, þ.e. eftirspurn okkar eftir peningum, fer því eftir því í fyrsta lagi hversu miklar tekjur við höfum og í öðru lagi hversu mikla vexti við fengjum af peningunum ef við legðum þá í banka í stað þess að hafa þá í buddunni. Eftirspurn okkar eftir peningum eykst þegar tekjur hækka en minnkar ef vextir hækka.

Þessi óliku hlutverk peninganna valda eftirspurn eftir peningum sem fólk vill hafa handbæra á hverjum tíma. Því hærrí sem tekjurnar í þjóðfélaginu eru því meiri verður þessi eftirspurn. Eftirspurn eftir handbærum peningum er því ákveðið hlutfall af tekjum okkar. Við notum peninga í viðskiptum og því hærrí sem tekjur eru því meiri viðskipti eru stunduð. Við þurfum líka að hafa handbæra peninga ef eitthvað óvænt skyldi gerast, t.d. ef billinn bilaði í sumarfrínu einhvers staðar á bringveginum. Því hærrí tekjur sem ég hef því líklegri er ég líka til að tryggja mig fyrir óþægindum með því að hafa alltaf einhverja

peninga handbæra vegna ófyrirsjánlegra útgjalda. Einnig er gott að hafa peninga handbæra til að kaupa fyrir þá hluti sem við búumst við að muni hækka í verði. Við kaupum þessa hluti af örðrum ástæðum en þegar við kaupum okkur braud eða skó. Við kaupum þá til að hagnast á hækjun á verðmæti þeirra í framtíðinni. Þetta er kölluð spákaupmennska. Þetta getu verið hlutabréf, fasteignir eða innfluttr vorur þegar búist er við mikilli gengislækkun og verðhækjun á innflutningi í kjölfarið. Því hærrí tekjur sem menn hafa því meiri eignir eru þeir einnig líklegir til að vilja eiga í peningum.



#### Hvað eru vextir?

Vextir eru verð á peningum. Þeir eru það verð sem við þurfum að greiða ef við tökum peninga að láni en þeir eru einnig það verð sem við viljum fá fyrir að lána peningana okkar. Háir vextir draga því úr eftirspurn eftir peningum alveg eins og hátt verð á fasteignum veldur því að farri hafa efni á að kaupa sér íbúð. Ef vextirnir hækka er dýrara að hafa peninga handbæra því að háir vextir þýða að bankarnir eru tilbúnir til að greiða okkur hærrí upphædir fyrir að við látum peningana okkar af hendi. Háir vextir hvetja okkur þannig til aukins sparnaðar í stað þess að nota peningana strax í neyslu eða fjárfestingar.

Verð á fasteignum myndast af framboði og eftirspurn eftir fasteignum. Verð á peningum myndast líka á markaðnum á sama hátt. Háir vextir eða hátt verð á peningum stafar annaðhvort af litlu framboði eða mikilli eftirspurn eftir peningum eða hvoru tveggja. Við vitum nú hvað það er sem skapar eftirspurn eftir peningum og við vitum að við getum annaðhvort sparað peningana okkar eða eytt þeim. En hvaðan koma þessir peningar, hverjir geta búið þá til og hvernig er það gert?

Seðlabankinn hefur einn heimild til að láta prenta seðla og slá mynt. Þannig getur hann aukið peningamagnið í hagkerfinu. En við stundum ekki viðskipti í dag með seðlum og mynt nema að litlu leyti. Það er fleira peningar en seðlar og mynt.

Við notum oftast debetkort til að greiða fyrir vöruna en seðla

#### Hverjir búa til peninga?

og mynt. Er debetkortið okkar þá peningar? Það er ekki debetkortið sem við borgum með heldur innistæðan á debetrekningnum okkar í bankanum. Einnig er haegt að fá lánshéimild með bæði debet- og kreditkortum sem gerir okkur kleift að nota þessi kort til að losa peninga út af reikningnum okkar eða taka lán.

**Hverjir geta hækkt að innistæðuna á debetrekningnum umfram teknjur okkar og þannig búi til peninga?**

Viðskiptabanki sem veitir okkur yfirdráttarhéimild og leyfir okkur að taka út meiri peninga en þá sem við eignum inni í bankanum eykur um leið peningamagnið sem er í umferð. Það sama gerist ef við fáum skuldabréfálan í bankanum. Bankinn kaupir af okkur skuldabréfð og leggur síðan upphæðina inn á reikninginum okkar og við getum síðan notað upphæðina til að kaupa okkur kaffi, síma, íbúð, nýjan bíl eða nýja eldhúsinnréttingu. Hér er bankinn líka að auka peningamagnið í umferð.

Séðlabankinn getur á sama hátt gefið út skuldabréf með háum vöxtum sem freista okkar ef hann vill minnka peningamagnið í hagkerfinu. Hann getur síðan innleyst (greitt til baka) þessi sömu bréf þegar hann vill aftur auka peningamagnið í höndum fólk. Hann fær fólk til að kaupa skuldabréfin með því að bjóða því hækkt vexti en almennt gerast í bankakerfinu. Þannig geta viðskiptabankarnir og séðlabankinn aukið eða dregið úr framboði af peningum og lækkad þannig eða hækkt vextina í landinu. Enn eru ótalin áhrif erlendra lána á peningamagnið sem er í umferð hér á landi. Öllum nýjum lánum sem bankarnir eða aðrir taka erlendis er skipt yfir í íslenskar krónur, sem síðan eru lánaðar Íslendingum. Petta er líka aukning á peningamagni í umferð.

### Áhrif vaxtabreytingar Séðlabankans á hagkerfið

Stjórnvöld peningamála, Séðlabankinn, hækkt vexti ef þau vilja draga úr eyðslu heimila og fyrirtækja og lækkat vexti í þeim tilgangi að auka eyðsluna:

- Pegar vextir lækkt er auðveldara að taka lán – það verður ódýrara svo að fjárfestingar aukast og neysla.
- Pegar vextir hækkt er dýrara að taka lán svo að fjárfestingar og neysla minnka.

● Sparnaður vex þegar vextir hækkt því að nú færð þú meira fyrir að lána peningana þína svo að eyðslan minnkar.

● Sparnaður minnkar þegar vextir lækka því að nú færð þú minna fyrir að lána peningana þína svo að eyðslan vex.

Séðlabankinn ákveður vexti, svokallaða stýrivexti, sem gilda í viðskiptum hans við fjármálastofnunirnar í landinu. Hann


lánar viðskiptabónkunum og þeir taka lán hjá honum. Stýrivextir Séðlabankans hafa með viðskiptum hans við bankakerfið áhrif á markaðsvexti skammtfímalána og skuldabréfa. Tilkynningar um vaxtabreytingar hafa einnig áhrif á ventingar almennings um framtíðarhorfur í efnahagslífini. Auk þess hafa vaxtabreytingarnar áhrif á gengi gjaldmiðilsins og á verð skuldabréfa. Pessar breytingar hafa síðan allar áhrif á eyðslu, sparnað og fjárfestingar fyrirtækja og einstaklinga og á verðlagið í landinu.

Vaxtabreytingar Séðlabankans berast út í hagkerfið og hafa þar áhrif eftir fjórum meginleiðum:

- Vaxtabreytingar hafa áhrif á vexti viðskiptabankanna.
- Vaxtabreytingar hafa áhrif á gengi krónunnar.
- Vaxtabreytingar hafa áhrif á væntingar fólks um verðbólgu.
- Vaxtabreytingar hafa áhrif á eftirspurn.


Hærri vextir ýta undir sparnað, draga úr lántökum og minnka þar með eyðslu. Hærri vextir auka eftirspurn eftir skuldabréfum í krónum sem síðan hækkar gengi krónunnar. Herra gengi lækkar verð á innflutningi og gerir hanu betri kost en innlend vörkuap. Þannig geta hærri vextir minnkad eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem framleiddar eru hér á landinu og aukið innflutning.

Hærri vextir minnka ráðstófunartekjur skuldsettar fyrirtækja og heimila og draga þannig út eftirspurn eftir bæði innflutningi og vörum og þjónustu sem framleidd er hér á landi. Hversu



Séðlabanki Íslands

**Mynd 28.1** Áhrif stýrivaxta Seðlabankans á hagkerfið.



mikil vannýtt framleiðslugeta er í fyrirtækjum og á vinnumarkaði er því lykilatriði þegar menn reyna að spá fyrir um áhrif vaxtabreytinga á einstaka þætti hagkerfisins.

Ef markaðsvextir lækka hafa heimilin meiri peninga til ráðstöfunar þegar þau eru búin að borga af lánunum sínum. Þau geta þess vegna cytt meiru. Fyrirtæki og heimili auka fjárfestingar sínar þegar vextir lækka því að nú eru fleiri fjárfestingarmöguleikar sem borga sig og fleiri heimili telja sig nú hafa efni að kaupa sér ísbúdir eda bíla því að lánin eru ódýrar. Þessi aukning á neyslu og fjárfestingum eykur landsframleiðsluna og eykur eftirsíður um viðskiptabankanna. Vaxtalækkani valda því einnig að farri vilja eiga peningana sína í íslenskum krónum. Framboð af krónunni vex og gengi hennar lækkar. Gengislækkunin hækkar verð á innflutningi og eykur þar með verðbólgu. En lagra gengi krónunnar eykur verðmáti útflutnings í íslenskum krónum og eykur tekjur og arðsemi í útflutningsgreinum.

Væntingar fyrirtækja og almennings hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun verðs og launa. Væntingar um verðbólgu og efnahagslegan stöðugleika eru mjög mikilvægar á markaði fyrir erlendan gjaldeyrir. Þær hafa einnig áhrif á launakröfur verkalýðsfélaganna og verðákvæðanir fyrirtækja. Væntingar okkar um verðbólgu í nánustu framtíð eiga sér forsendir til verðbólguþróun undanfarinna missera, svo og í trú almennings á því hvort yfirlýst verðbólgmarkmið stjórnvalda muni nást.

Ef við treystum peningastefnu stjórnvalda verða væntingar okkar um verðbólgu nálegt verðbólgmarkmiðinu. Þetta stuðlar að verðbólgu sem nálgast verðbólgmarkmiðið því eins og áður sagði hafa væntingar okkar áhrif á launakröfur og verðlagningu fyrirtækja. Það er því afar mikilvægt að stjórnvöld skapi slikt traust með ábyrgri peningamálastefnu.

### Áætluð áhrif vaxtabreytinga á verðbólgu og landsframleiðslu

Talið er að um 1% hækkun vaxta valdi 0,25%–0,35% minnkun á vergri landsframleiðslu og að eitt prósent vaxtabækken dragi úr verðbólgu um 0,2%–0,4%. Verðbólgmarkmið ríkisstjórnarinnar er 2,5%. Það er Seðlabankinn sem sér um að framfylgi markmiðum ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Til þess notar hann peningamálatæki sín sem eru stýrivextir, peningamagn, bindiskyllduhlutfall, útlánapök og tilmæli Seðlabankans til viðskiptabankanna. Breytingar á vöxtum hafa ekki áhrif á verðbólgu og landsframleiðslu fyrir en að nokkuð löngum tíma liðnum. Tímabilið sem liður frá því vöxtum er breytt þar til áhrifa þeirra fer að gæta í lagri verðbólgu er meira en heilt ár og öll áhrifin eru ekki komin í ljós fyrr en að rúnum tveimur árum liðnum. Áhrif vaxtabreytinga á landsframleiðsluna eru aftur á móti öll komin fram að ári liðnu.

Peningamálatæki  
Seðlabankans

### Hver eru hlutverk Seðlabankans?

- Seðlabankinn annast bárkvíðskipti ríkissjóðs.
- Seðlabankinn annast erlendar lántökur ríkisins.
- Seðlabankinn er öanki lánastofrana.
- Seðlabankinn skal stuðla að stöðugu verðlagi.
- Seðlabankinn skal stuðla að stöðugleika í fjármálaferfinu.
- Seðlabankinn gefur út seðla og mynt.
- Seðlabankinn fer með gengismál.
- Seðlabankinn varðveisir og ávaxtar gjaldeyrisvarasjóðinn.
- Seðlabankinn safnar upplýsingum um efnahags- og peningamál, gefur ált og er ríkisstjórninni til ráðuneylis um allt sem varðar gjaldeyrir- og peningamál.

### Peningamagnskenningin

Peningamagnið var talið langmikilvægasta hagstærðin á dögum klassísku hagfræðinnar en timabilið fram til 1936 er stundum kallað tímabil klassísku hagfræðinnar. Árið 1936 markar upphaf himnar keynesiku hagfræði.

Irving Fisher var bandarískur hagfræðingur (1867–1947). Hann setti fram kenningu sina um peningamagnið og tengsl þess við þjóðarframleiðsluna í viðskiptajöfnunni (equation of exchange). Viðskiptajafnan lýsti sambandi peningamagnsins og þjóðarframleiðlunnar á eftirfarandi hátt:

$$\bullet \quad MV = PT$$


Hér er M peningamagnið, V er veltihraðinn, P er verðlagið, og T eru viðskipti eða magn vörur og þjónustu sem framleitt er. Jafnán lýsir því að peningamagnið (M) sinnum hversu oft það er notað að meðaltali á tímabilið (V) sé jafnt og verðlagið í landinu (P) sinnum magn framleiðlunnar (T).

Allt sem er selt er kallað framleiðsla svo að PT er jafnt og verðmáti framleiðlunnar en MV eru peningarnir sem við notum til að kaupa þetta verðmáti margfaldad með hversu oft við notum þessa peninga að meðaltali í viðskiptum okkar á ákveðnu tímabili. Þessi jafna er því alltaf sönn því að upphæðin sem við notum til að kaupa framleiðsluna með (MV) hlýtur alltaf að vera jafnhá og verðmáti þess sem er keypt (PT).

Kenningin gefur sér ákveðnar forsendar um þessar hagstærðir:

- Peningamagnið M er undir stjórn og ákveðið af stjórnvöldum. Þau geta stjórnad því hversu mikil það er á hverjum tíma.
- Veltihraðinn V, eða hversu oft hver peningasedill er notaður að meðaltali, t.d. á einu ári, er fóst tala, t.d. fjórir, sem breytist ekki nema á löngum tíma og aðeins ef síðir okkar og venjur í viðskiptum breytast.
- T eða magn vörur og þjónustu sem framleidd er á ákveðnu tímabili er líka fóst tala við fulla atvinnu. (Framleiðslugtan takmarkar magnið sem hægt er að framleiða á einu ári.)

## Viðskiptajafnan



Irving Fisher (1867–1947)



**Mynd 28.2**  
Aukið peningamagn veldur aukinni eftirspurn um vörum og þjónustu.

Samkvæmt kenningunni um peningamagnið veldur aukning á peningamagninu (M) aukningu á spurn um vörum og þjónustu í **hagkerfinu** (T) en hækjunin á framleiðslunni T getur aldrei orðið meiri en sem nemur hagvextinum á árinu. Hækjun á T við fulla atvinnu er það sem kallað er hagyóxtur. Ef hagyóxturinn eritthvert árið er 4% og peningamagnið eykst um 7% hækkar verðlagið (P) sem nemur mismuninum eða um 3%.

Verðbólga er hækjun á almennu verðlagi. Hækjunin á P er því verðbólgan á árinu.

Stjórvöld þurfa að tryggja að peningamagnið hækki í takt við hagyóxtinn í landinu. Aukist peningamagnið meira en sem nemur hagvextinum veldur mismuninnum verðbólgu.

John Maynard Keynes var ekki sammála kenningu klassísku hagfræðinnar um áhrif aukins peningamagns í umferð. Hans taldi að folk vildi hafa ákveðið jafnvægi milli ólíkra tegunda eigna sinna. Þegar peningamagn i hagkerfinu er aukið finnur folk að handbært sé þess er orðið af mikil. Þetta leiðir að mati Keynes ekki til aukinnar eftirspurnar eftir vörum heldur til aukinnar eftirspurnar eftir verðbréfum. Þegar eftirspurn eftir verðbréfum vex hækkar verð þeirra og við það lekkar vextir. Vegna vaxtalækkunarinnar aukast fjárfestingar í landinu ef bjartsýni ríkir meðal fjárfesta og við það eykst heildareftirspurnin og framleiðslan.

Það eru því bein tengsl á milli peningamagnsins og eftirspurnarinnar í klassísku hagfræðinni en þessi tengsl eru samkvæmt kennungum Keynes hér því að lagri vextir valdi auknum fjárfestingum. Hann taldi ventingar fjárfesta um framtíðina ráða því hvort þessi tengsl væru fyrir hendi eða ekki svo að tengsl



**Mynd 28.3**  
Aukið peningamagn hækkar verð skuldbréfa sem lekkar vexti og eykur þar með fjárfestingar sem auka framleiðsluna.

in milli aukningar á peningamagni og aukinnar framleiðslu eru ekki eins örugg hér og klassiska hagfræðin gerði ráð fyrir.

Á myndum 28.2 og 28.3 sjáum við muninn á hugmyndum peningamagnssinnanna og Keynes um tengsl peningamagnsins og þjóðarframleiðslunnar.

### Verkefni

- 1 Hver eru fjögur helstu hlutverk peninga?
- 2 Hvaða fimm einkenni þarf hlutur að haft til að vera nothæfur sem peningar?
- 3 Hver eru helstu hlutverk Seðlabankans?
- 4 Æver eru nelsu áhrif breytinga á styrivöxtum Seðlabankans á hagkerfið? Hversu langur tími tilur frá vaxtabreytingunum þar til óll áhrif þeirra eru komin í ljós í hagkerfinu?
- 5 Hvaða áhrif hafa væntingar fyrirtækja og almennings á þróun gengis, launa og verðlags? Geta stjórnvöld hatt áhrif á þessar væntingar og, ef svo er, hvernig?
- 6 Segðu frá viðskiptajöfnuni eða hugmyndum peningamagnssinnana um áhrif peningamagnsins á hagkerfið.
- 7 Hverjar voru hugmyndir Keynes um áhrif peningamagnsins á hagkerfið?

## Ákvörðun landsframleiðslunnar

**29**

Í hagkerfi þar sem hægt er að auka framleiðsluna ákvárdast framleiðslumagnið af heildareyðslunni í hagkerfinu. Í 14. kafla var greint frá því hvernig hægt er að reikna landsframleiðsluna út frá svokallaðri eyðsluhlið. Þar var heildareyðslan í hagkerfinu samanlögð neyslu almennings (C), fjárfestingar fyrirtækjanna (I), útgjöld hins opinbera (G) og hreimn útflutningur (X-M), þ.e. verðmæti útflutnings (X) að frádregnu verðmæti innflutnings (M). Almenningur kaupir neysluvörur og þjónustu (C), fyrirtakin kaupa fjárfestingarvörur (I), opinberir aðilar kaupa alls konar samneyslu (G) og útlendingar kaupa af okkur útflutning (X). Þetta er heildareyðslan. Allir innlendur aðilarnar kaupa bæði innfluttar vörur og þjónustu, svo að ef við viljum vita hversu miklu er eytt á einu ári til kaupa á íslenskum vörum og þjónustu þarfum við einfaldlega að draga verðmæti innflutningsins (M) frá heildareyðslunni. Þannig sáum við landsframleiðsluna en hún er skilgreind sem allt það sem er framleitt og selt á landinu á einu ári.

### Neyslulinan

Fyrst skulum við skoða samband eyðslu almennings (neyslu) og teknanna. Neyslukúrvan á mynd 29.1 sýnir okkur að neysla er a þegar tekjur eru engar. Þetta er vegna þess að margt fólk sem hefur engar tekjur eyðir samt ákveðinni upphæð a. Til dæmis lífa námsmenn, sem engar tekjur hafa, á lánum. Eftirlaunaþegar, sem hættir eru að

Mynd 29.1 Samband neyslu og tekna

